

Kópavogsbær
b/t Bergljót Sigríður Einarsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 7. janúar 2020
UST201912-238/A.B.
10.04.00

**Efni: Breyting - Aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024 og deiliskipulag -
Traðarreitur austur - vinnslutillögur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogs er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu að aðalskipulagi Kópavogs og nýju deiliskipulagi fyrir Traðarreit austur.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í að heimila enduruppbyggingu á svokölluðum „Traðarreit-austur“ fyrir fjölbýlishús. Í dag eru nú 8 einbýlishúsalóðir, með 12 íbúðum, en lagt er til að reiturinn verði skilgreindur sem þróunarreit fyrir þéttingu byggðar.

Vistvænar samgöngur

Í greinargerð er töluvert fjallað um vistvænar samgöngur þar sem markmið verkefnisins sé m.a. að þetta byggða og tryggja góða tengingu við almenningssamgöngur, hjóla og gönguleiðir og tekur Umhverfisstofnun undir þau markmið.


Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að unnið sé samhliða verkefninu sem er hér til umfjöllunar að götumynd Digranesvegur þar sem útfærslur á vistvænum samgöngum eru sýndar.

Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram í minnisblaði VSÓ þar sem segir að aðskildir hjóla og göngustígar og góð tenging við inngang húsanna og við garðinn á miðri lóðinni eru lykilatriði til þess að hvetja fólk til þess að nýta sér aðra, vistvænni samgöngumáta.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur